# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021

## SAGA2HI05

| | |
|---|---|
| **Kennari** | Atli Þorsteinsson (atli.thorsteinsson@fss.is)<br>https://moodle.fss.is/course/view.php?id=140 |
| **Viðtalstími** | Föstudagar 9:45 til 10:25 í stofu 203 |
| **Námsefni** | Kennslubókin er Nýir tímar í ritstjórn Gunnars Karlssonar<br>Efni á vef áfangans https://moodle.fss.is/course/view.php?id=140 |
| **Áfangalýsing** | Áfanginn er inngangsáfangi í sögu á öðru þrepi og er skylda á Félagsvísindabraut. Nauðsynlegur undanfari fyrir alla aðra söguáfanga hvort sem þeir eru á öðru eða þriðja stigi. Viðfangsefnið eru þættir úr sögu heimsins og Íslands til okkar daga. Skoðaðir verða helstu stóratburðir tímabilsins en jafnframt leitast við að öðlast innsýn í daglegt líf almennings á Íslandi eða í Evrópu. Leitast er við í áfanganum að uppfylla grunnþætti menntunar og að nemendur geti lesið fræðitexta um sitt nánasta samfélag og sögu þess. Þá fá nemendur innsýn í mikilvægi sjálfbærni, sögu heilbrigðis og velferðar í íslensku samfélagi. Nemendur öðlist færni og skilning á hugtökum á borð við lýðræði og mannréttindi. Fjallað verður um jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi. Nemendur þjálfa sig í sköpun með ýmsum verkefnum. |

**Námsmat og vægi námsmatsþátta**

**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Ritgerð/þemaverkefni | 20% |
| Kaflapróf | 40% |
| Verkefni | 40% |

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 15 vikur x (3 x 80 mín) | 60 klst. |
| **Undirbúningur fyrir tíma** | 10 klst. | 10 klst. |
| **Heimavinna** | 15 vikur x 1 til 2 klst. | 15 til 30 klst. |
| **Undirbúningur fyrir kaflapróf** | 5 x 1 klst. | 5 klst. |
| **Alls** | | **90 til 105 klst. = 5 fein*** |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | 1. Öllum verkefnum skal skilað á réttum tíma. Þau verkefni sem berast of seint geta aðeins fengið helming af upphaflegri einkunn. Ekki er hægt að vinna upp verkefni.<br>2. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir klukkan 5 á föstudag í þeirri viku sem þau eru lögð fyrir.<br>3. Ekki er hægt að taka upp kaflapróf. Aðeins 4 kaflapróf af 5 gilda til lokaeinkunnar.<br>4. Nemendur skulu mæta í allar kennslustundir. Ekki er hægt að vinna verkefni sem lögð eru fyrir í tíma heima. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br><br>• þróun íslensks samfélags frá 1800 til 2000<br>• áhrifum frönsku byltingarinnar og frelsisstríðs BNA á stjórnmálaþróun á 19. öld<br>• breytingum sem hafa orðið á hugmyndum um þjóðríkið á tímabilinu<br>• ástæðum og áhrifum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga<br>• ástæðum og afleiðingum heimstyrjaldanna tveggja bæði á Íslands- og mannkynssöguna<br>• hugmyndum íhaldsstefnunnar, frjálslyndisstefnunnar og sósíalismans<br>• orsökum og afleiðingum stofnunar Sovétríkjanna<br>• orsökum og afleiðingum Kalda stríðsins<br>• atvinnusögu Íslendinga og stéttabaráttu á 19. og 20. öld | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br><br>• vinna með staðreyndir og kenningar<br>• beita grundvallarvinnubrögðum í heimildarýni og heimildaleit<br>• temja sér öguð vinnubrögð og nota ýmsar aðferðir til að leysa verkefni sín |

| **Hæfni** |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br><br>• setja fram skoðanir sínar í riti, ræðu eða öðru formi<br>• geta borið saman atburði og finna orsakasambönd á milli þeirra<br>• geta tekið þátt í umræðum um efnisþætti áfangans og færa rök fyrir skoðunum sínum |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>23. - 29. ágúst | **Draumur um betra líf**<br>• Tími 1: Napóleon<br>• Tími 2: Stjórnmál austan hafs og vestan<br>• Tími 3: Stjórnmálastefnur: Íhald, frjálslyndi og lýðræði | Verkefnaskil |
| **2. vika**<br>30. ágúst - 5. september | **Draumur um betra líf**<br>• Tími 1: Þjóðernisstefnan<br>• Tími 2: Mannréttindi<br>• Tími 3: Draumur um réttlátt samfélag | Verkefnaskil |
| **3. vika**<br>6. - 12. september | **Draumur um betra líf**<br>• Tími 1: Framfarir og vísindi<br>• Tími 2: Nýi heimurinn<br>• Tími 3: Kaflapróf 1 | Verkefnaskil<br>Próf 1 |
| **4. vika**<br>13. - 19. september | **Nýir hugmyndastraumar á Íslandi**<br>• Tími 1: Hundadagar<br>• Tími 2: Þjóðernishyggja og rómantík<br>• Tími 3: Jón Sigurðsson | Verkefnaskil |
| **5. vika**<br>20. - 26. september | **Nýir hugmyndastraumar á Íslandi**<br>• Tími 1: Þjóðfundurinn og þingbundið konungsríki<br>• Tími 2: Sjónarmið Dana<br>• Tími 3: Stjórnarskrá 1874 | Verkefnaskil |
| **6. vika**<br>27. sept. - 3. október | **Nýir hugmyndastraumar á Íslandi**<br>• Tími 1: Bændalýðræði<br>• Tími 2: Atvinnuhættir á Íslandi<br>• Tími 3: Leit að frelsi í Ameríku | Verkefnaskil |
| **7. vika**<br>4. - 10. október | **Nýir hugmyndastraumar á Íslandi**<br>• Tími 1: Heimastjórn og þingræði<br>• Tími 2: Kvennabarátta á 19. öld<br>• Tími 3: Kaflapróf 2 | Verkefnaskil<br>Próf 2 |
| **8. vika**<br>11. – 17. október | **Tækninýjungar til góðs og ills**<br>• Tími 1: Iðnbyltingin í Evrópu<br>• Tími 2: Verkalýðshreyfingin og barátta hennar<br>• Tími 3: Þemaverkefni 1 | Verkefnaskil |
| **9. vika**<br>18. - 24. október<br>*Vetrarleyfi 18. og 19. okt.* | **Tækninýungar til góðs og ills**<br>• Tími 1: Iðnbyltingin á Íslandi<br>• Tími 2: Verkalýðshreyfingin á Íslandi<br>• Tími 3: Stjórnmálaflokkar á Íslandi | Verkefnaskil |
| **10. vika**<br>25. - 31. október | **Tækninýungar til góðs og ills**<br>• Tími 1: Heimskreppan<br>• Tími 2: Kreppuárin á Íslandi<br>• Tími 3: Kaflapróf 3 | Verkefnaskil<br>Próf 3 |

| | | |
|---|---|---|
| **11. vika**<br>1. - 7. nóvember | **Átök á heimsvísu**<br>• Tími 1: Staða stórvelda og heimsvaldastefnan<br>• Tími 2: Fyrri heimstyrjöldin<br>• Tími 3: Fyrri heimstyrjöldin á Íslandi | Verkefnaskil<br>Skil á þemaverkefni |
| **12. vika**<br>8. - 14. nóvember | **Átök á heimsvísu**<br>• Tími 1: Sovétríkin verða til<br>• Tími 2: Fasismi og nasismi<br>• Tími 3: Seinni heimstyrjöldin | Verkefnaskil |
| **13. vika**<br>15. - 21. nóvember | **Átök á heimsvísu**<br>• Tími 1: Seinni heimstyrjöldin á Íslandi<br>• Tími 2: Kalda stríðið<br>• Tími 3: Kalda stríðið á Íslandi | Verkefnaskil |
| **14. vika**<br>22. - 28. nóvember | **Átök á heimsvísu**<br>• Tími 1: Frelsi nýlendna<br>• Tími 2: Þorskastríðið<br>• Tími 3: Kaflapróf 4 | Verkefnaskil<br>Próf 4 |
| **15. vika**<br>29. nóv. - 5. desember | **Velferð í deiglu**<br>• Tími 1: Velferðaríkið<br>• Tími 2: Jafnréttishugmyndir<br>• Tími 3: Kaflapróf 5 | Verkefnaskil<br>Próf 5 |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Atli Þorsteinsson*